



Launavísitalan hefur ekki hækkað meira milli ára síðan árið 2016

Launavísitalan var nær óbreytt milli nóvember og desember samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,3%, sem er eilítið lægri árstaktur en verið hefur síðustu mánuði. Launavísitalan hækkaði um 8,3% milli meðaltala árána 2020 og 2021 og hefur ekki hækkað meira síðan 2016.

Launavísitalan hefur hækkað nokkuð jafnt og þétt frá því í janúar þegar síðustu áfangahækkanir kjarasamninga komu til framkvæmda. Hún hækkaði samtals um 7,3% á árinu. Kjarasamningsbundnar hækkanir komu til framkvæmda í janúar 2022 þannig að búast má við töluverðri hækkun vísitölnunnar í janúar. Árshækkunartaktur launa hefur verið vel yfir 7% allt frá því í desember 2020 sem er töluvert hærra en hefur verið frá miðju ári 2017. Þetta er nokkuð sérstakt í sögulegu ljósi.

Kaupmáttur nokkuð stöðugur þrátt fyrir mikla verðbólgu

Verðbólga í desember mældist 5,1% en árshækkun launavísitölnunnar um 7,3%. Kaupmáttur launa jókst því um 2,1% milli desembermánaða 2020 og 2021 þrátt fyrir óvenju mikla verðbólgu.

Kaupmáttaraukning launa er því áfram nokkuð stöðug og nokkuð mikil í sögulegu samhengi.

Kaupmáttarvísitalan hefur lækkað eilítið frá því í janúar í fyrra og var kaupmáttur launa í desember 1,6% lægri en í janúar, en þá var kaupmáttur í sögulegu hámarki.

Mikil hækkun launavísitölu 2021


Launavísitalan hækkaði um 8,3% á milli meðaltala árána 2020 og 2021. Þetta er mun meiri hækkun en á næstu árum þar á undan og hefur vísitalan ekki hækkað meira frá því á árinu 2016, en þá hækkaði vísitalan mest á þessari öld. Meðalhækkun vísitölnunnar frá aldamótum er 6,9% og meðalhækkun frá árinu 2011 er 7,0%. Hækkunin á árinu 2021 er því mikil í sögulegu samhengi.

12 mánaða hækkunartaktur launa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launapróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Kaupmáttur launa jókst um 3,7% milli árána 2020 og 2021 sem er meira en næstu tvö ár þar á undan. Verðbólga var mikil á árinu þannig að tiltölulega miklar launahækkanir skiluðu síðri kaupmætti en ella hefði orðið.

Opinberi markaðurinn hækkar meira

Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópnum á vinnumarkaðnum milli októbermánaða 2020 og 2021 sést að laun á almenna markaðnum hækkuðu áfram mun minna en á þeim opinbera. Launin hækkuðu um 6,5% á almenna markaðnum á þessum tíma og um 10,4% á þeim opinbera, þar af 9,5% hjá ríkinu og 11,7% hjá sveitarfélögunum.

Opinberi markaðurinn var því leiðandi í launabreytingum á tímabilinu.


Önnur launahækkun framundan

Samkvæmt kjarasamningum gætu laun hækkað á nær öllum vinnumarkaðnum þann 1. maí vegna ákvæða um hagvaxtarauka. Þar er um að ræða viðmiðun launa við aukningu hagvaxtar á mann á árinu 2021, sem byggja á fyrstu niðurstöðum Hagstofu Íslands um þjóðhagsreikninga ársins 2021 sem munu birtast í lok febrúar.

Töluverð umræða var um hagvaxtaraukann á síðasta ári og sýndist sitt hverjum um þessa tengingu við hagvöxt í því sveiflukennða ástandi sem hefur ríkt síðustu misseri.


Miðað við þær tölur sem komið hafa fram um hagvöxt á árinu 2021 má fastlega reikna með því að virkja megi ákvæði samninga um hagvaxtarauka sem myndi hækka laun þann 1. maí 2022.

Breyting launavísitölu og kaupmáttar frá fyrra ári



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun einstakra hópa október 2020 - október 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.